

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum
6. október 2023
kl. 9:00 – 14:00**

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 15 mín.

Gunnar hefur staðið í stappi við vinnuveitanda sinn Slappaðu af ehf. um launakjör sín. Hefur ágreiningurinn meðal annars snúið að því hvort að laun Gunnars hafi verið greidd að fullu í samræmi við ráðningarsamning og kjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands vegna starfa hans fyrir Slappaðu af ehf. á árinu 2020. Einna helst hefur ágreiningurinn verið vegna frítökuréttis og vikulegs frídags sem Gunnar telur sig eiga rétt á samkvæmt kjarasamningnum. Þann 26. september 2023 kvað Landsréttur upp dóm þar sem kröfur Gunnars voru teknar til greina og Slappaðu af ehf. var gert að greiða honum 478.352 krónur með dráttarvöxtum frá 6. janúar 2020 til greiðsludags.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að upplýsa Gunnar um hvernig honum beri að telja fram þessi vangoldnu laun og gera honum grein fyrir þeim lagareglum sem gilda.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 15 mín.

Móðir Ölmunn Gunnarsdóttur, Sigrún Jónsdóttir, lést í desember 2022. Hún hafði frá árinu 2017 setið í óskiptu búi en eiginmaður hennar og faðir Ölmunn lést í september það ár. Alma er að ljúka skiptum á dánarbúinu en er ekki viss um hvernig beri að gera grein fyrir eignum og skuldum dánarbúsins á erfðafjárskýrslu og hefur því leitað til þín. Þegar faðir Ölmunn lést áttu hann og Sigrún einbýlishús í Grafarvogi og sumarbústað í Öndverðarnesi. Á árinu 2020 seldi Sigrún sumarbústaðinn og fékk hún allt söluverðið greitt það ár. Álögð fasteignagjöld á einbýlishúsið á árinu 2023 eru ógreidd. Þá kvað Skatturinn upp úrskurð í mars 2023 um endurákvörðun opinberra gjalda dánarbúsins (Sigrúnar) gjaldárið 2021 en Sigrún hafði haft útleigutekjur á árinu 2020 sem hún hafði gleymt að telja fram á skattframtali sínu.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að upplýsa Ölmunn um þær reglur sem gilda um ofangreindar eignir og skuldir, þ.e. hvaða eignir og hvaða skuldir skal telja fram á erfðafjárskýrslu.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 3 – 45 mín.

Félagið A ehf. er eignarhaldsfélag og er tilgangur þess kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur. Dótturfélögin B ehf., C ehf., D ehf., E ehf., F ehf., G ehf. og H ehf. eru 100% í eigu A ehf. Dótturfélögin starfa við fasteignarekstur annars vegar og í byggingarstarfsemi hins vegar.

Forsvarsmenn og eigendur A ehf. hafa í hyggju að endurskipuleggja félagasamstæðuna og er endurskipulagningin í venjulegum og rekstrarlegum tilgangi. Fyrirhugað endurskipulagning er þriðjætt:

1. Að færa eignarhald A ehf. á B ehf., C ehf., E ehf., F ehf., G ehf. og H ehf. undir D ehf.
2. Að sameina annars vegar E ehf., F ehf. og G ehf. þar sem E ehf. yrði yfirtökufélag og hins vegar C ehf. og H ehf. þar sem C ehf. yrði yfirtökufélag.
3. Að skipta eignum B ehf. þar sem sameinað félag E ehf. (samanber lið 2) yrði viðtökufélag.

Eignarhald dótturfélaga fært undir D ehf.

Fyrirhugað er að færa eignarhald A ehf. á B ehf., C ehf., E ehf., F ehf. G ehf. og H ehf., sem öll starfa við fasteignarekstur, undir D ehf. Til stendur að færa eignarhald félaganna með því að A ehf. hækki hlutafé sitt í D ehf. og greiði fyrir hækkunina með afhendingu á eignarhlutunum í fasteignafélagunum.

Samruni E ehf., F ehf. og G ehf.

Í kjölfar breytinga á eignarhaldi fasteignafélaganna er fyrirhugað að sameina E ehf., F ehf. og G ehf., sbr. ákvæði XIV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Stefnt er að því að E ehf. verði yfirtökufélag og að upphafsefnahagsreikningur hins sameinaða félags miðist við 1. janúar 2024, sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994.

Samruni C ehf. og H ehf.

Í kjölfar breytinga á eignarhaldi fasteignafélaganna þar sem eignarhaldið færast frá A ehf. til D ehf. er fyrirhugað að sameina C ehf. og H ehf. þar sem C ehf. yrði yfirtökufélag. Stefnt er að því að upphafsreikningur hins sameinaða félags miðist við 1. janúar 2024, sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994. Við hinn fyrirhugaða samruna mun eini hluthafa félaganna, D ehf., einungis fá hluti í sameinuðu félagi í skiptum fyrir hluti sína í yfirtekna félaginu.

Skipting B ehf.

Í kjölfarið á ofangreindum breytingum er fyrirhugað að framkvæma félagaréttarlega skiptingu á B ehf., sbr. ákvæði XIV. kafla laga nr. 138/1994, þar sem tiltekna eignir og skuldir færast til sameinaðs félags E ehf. Stefnt er að því að skiptingar- og efnahagsreikningur miðist við 1. janúar 2024, sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 138/1994, en eignir og skuldir munu yfirfærast á bókfærðu verði. Eini hluthafi félaganna, D ehf., myndi einungis fá hluti í sameinuðu félagi E ehf. (sbr. lið 2) í skiptum fyrir þær eignir og skuldir sem munu færast frá B ehf.

Úrlausnarefni:

- A. Mun fyrirhugaður samruni E ehf., F ehf. og G ehf. hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hluthafa þeirra, yfirteknu félögin eða hið sameinaða félag?**
- B. Mun fyrirhugaður samruni C ehf. og H ehf. hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hluthafa þeirra, yfirtekna félagið eða hið sameinaða félag?**
- C. Mun fyrirhuguð skipting B ehf. þar sem sameinað félag E ehf. er viðtökufélag hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hluthafa þeirra, viðtökufélagið eða félaginu sem skipt er?**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 4 – 90 mín.

Fjármálastjóri Pay and smiled ehf. hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2022 og óskar hann eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattsstofn félagsins og skattskuldbindingu / skatteign í árslok 2022.

Aðalstarfsemi Pay and smiled ehf. er sala á hugbúnaðarlausnum og þjónustu tengdri hugbúnaðinum.

Með beiðninni fylgja ýmsar upplýsingar er varða starfsemi Pay and smiled ehf. á árinu 2022 en fjármálastjórinn telur að þessar upplýsingar hafi áhrif á skattútreikninga ársins. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts nema annað sé tekið fram.

Eftirfarandi gögn komu frá fjármálastjóranum:

- **Drög að rekstrar- og efnahagsreikningi (fylgiskjal 1).**
- **Reikningshaldsleg fyrningaskýrsla (fylgiskjal 2).**
- **Sundurliðun skattskuldbindingar í árslok 2021 niður á einstaka liði (fylgiskjal 2).**
- **Niðurstöður skattalegrar fyrningaskýrslu ársins 2022 vegna rekstrarársins 2021.**
- **Drög að skattalegri fyrningaskýrslu ársins 2023 vegna rekstrarársins 2022.**

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

Skattstofn:

Fjármálastjórinn fer fram á að skattstofn félagsins verði lágmarkaður eða yfirfæranlegt tap hámarkað. Hann vill jafnframt útskýringar þar sem að ykkar mati koma til greina fleiri en ein aðferð við að leiða fram skattstofn, eða um aðferðirnar ríkir óvissa. Ef um liði ríkir óvissa eða fleiri en ein aðferð koma til greina þurfið þið að útskýra það fyrir honum með tilvísunum í lög, úrskurði Yfirskattanefndar, bindandi álit o.s.frv. hvaða leiðir koma til greina og hvers vegna þið veljið ákveðna leið. Taka skal afstöðu til allra liða hér að neðan. Fjármálastjórinn óskar eftir því að allir liðir sem eiga að koma fram í skattstofni skv. skattframtali komi fram í útreikningunum.

Ef þið teljið að einhverir þeirra liða sem fjármálastjórinn hefur tekið saman vegna skattútreikninga eigi ekki við þá þurfið þið að útskýra í stuttu máli hvers vegna svo sé.

Skattskuldbinding / skatteign:

Fjármálastjórinn óskar jafnframt eftir því að skattskuldbinding / skatteign félagsins í árslok 2022 verði reiknuð og sundurliðuð niður á einstaka liði.

1. Aðrar tekjur í rekstrarreikningi:

| 1. Aðrar tekjur: | 2022 | 2021 |
|---|-------------------|-------------------|
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | 1.113.545 | 0 |
| Húsaleiga, framkvæmdastjóri | 3.600.000 | 600.000 |
| Tjónabætur | 4.873.455 | 0 |
| Skattafrádráttur skv. RSK 4.21 - þróunarstyrkur | 85.000.000 | 75.000.000 |
| | 94.587.000 | 75.600.000 |
| Félagið var hefur verið með samþykkt þróunarverkefni hjá Rannís á undanförunum árum, skattafslátturinn hefur verið tekjufærður. | | |

2. Frestað gengistap.

| |
|---|
| 2. Félagið hefur fært gengismun í skattframtöl félagsins í samræmi við skattalög. |
| Frestun gjaldfærslu gengistaps skv. skattframtali 2020 (53.796.408) |

3. Birgðir

| | | |
|---|--------------------|--------------------|
| 3. Birgðir félagsins eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að frádreginni niðurfærslu. | | |
| Í skattframtali 2022 vegna ársins 2021 var færð hámarks skattaleg niðurfærsla birgða. | | |
| Birgðir samkvæmt ársreikningi greinast þannig: | | |
| | 2022 | 2021 |
| Birgðir samkvæmt vörutalningu | 483.214.580 | 405.377.822 |
| Lækkun birgða vegna dagverðs | (73.657.981) | (55.733.251) |
| Niðurfærsla birgða | (45.000.000) | (25.000.000) |
| | 364.556.599 | 324.644.571 |
| Lækkun vegna dagverðs birgða er vegna birgða sem eru orðnar árgamlar og verða þær seldar á útsölu með 50% afslætti. | | |

4. Viðskiptakröfur.

| | | |
|---|---------------|-----------------|
| 4. Viðskiptakröfur greinast þannig samkvæmt ársreikningi: | | |
| | 2022 | 2021 |
| Viðskiptakröfur skv. bókhaldi | 1.113.857.621 | 933.756.421 |
| Krafa vegna sölu á bifreið | 0 | 3.500.000 |
| Fjármagnstekjuskattur | 942.954 | 680.867 |
| Inneign vegna virðisaukaskatts | 4.484.252 | 3.736.877 |
| Viðskiptakröfur skv. ársreikningi | 1.119.284.827 | 941.674.165 |
| Meðal viðskiptakrafna í bókhaldi er óbein niðurfærsla, en niðurfærslan stóð í 95.000.000 kr. í árslok 2021. | | |
| Færslur ársins 2022 á niðurfærslureikninginn greinast þannig: | | |
| Staða 1.1.2022 | | (95.000.000) |
| Afskrifuð krafa á erlent félag sem varð gjaldþrota á árinu | | 14.375.887 |
| Afskrifuð krafa á RX77 ehf., framkvæmdastjórinn nennir ekki að standa í innheimtu á þessu lengur | | 3.775.963 |
| Fært í rekstrarreikning, breyting á niðurfærslu krafna | | (43.151.850) |
| Staða 31.12.2022 | | (120.000.000) |
| Í skattframtali 2022 vegna ársins 2021 var færð skattaleg hámarksniðurfærsla á viðskiptakröfur. | | |

5. Leigugeign og skuld.

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| 5. Á undanförunum árum hefur félagið verið með fasteign á leigu og færir það leigugeign og leiguskuld vegna þessa. | | |
| Leigugeign og leiguskuld greinist þannig samkvæmt ársreikningi: | | |
| | Leigugeign | Leiguskuld |
| Staða í upphafi árs | 505.564.392 | (508.819.052) |
| Verðbætur ársins | 49.679.298 | (49.679.298) |
| Afskriftir ársins | (66.629.243) | |
| Afborganir ársins | | 61.368.821 |
| Vextir ársins | | (5.773.886) |
| | 488.614.447 | (502.903.415) |

6. Þróunarkostnaður.

| 6. Þróunarkostnaður: | |
|--|--------------------|
| Þróunarkostnaður félagsins er vegna þróunar á ákveðnum lausnum tengdum þeirri þjónustu/vörum sem félagið selur. Félagið hefur eignfært þróunarkostnað í ársreikningi, en gjaldfært hann að fullu á hverju ári í skattframtali. | |
| Þróunarkostnaður 1.1.2022 | 412.684.858 |
| Þróunarkostnaður ársins 2022 | 255.788.334 |
| Skattfrádráttur skv. lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki | (85.000.000) |
| Skattfrádr. skv. lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, tekjuf. | 85.000.000 |
| Afskrift ársins | (82.536.972) |
| | <u>585.936.220</u> |

7. Markaðsverðbréf.

| 7. Markaðsverðbréf greinast þannig: | | | |
|-------------------------------------|-------------------|--------------------|---------------------------|
| | Skuldabréf | Hlutabréf | Hlutdeildar- skírteini |
| Staða 1.1.2022 | 25.763.877 | 125.788.345 | 138.123.456 |
| Fjárfesting ársins | 15.000.000 | 50.000.000 | |
| Selt á árinu | | (75.366.877) | (51.897.651) |
| Söluhagnaður (-tap) ársins | | (1.877.623) | 5.833.455 |
| Matsbreyting ársins | (3.996.450) | 8.976.540 | 10.895.735 |
| Niðurfærsla ársins | (5.000.000) | | |
| | <u>31.767.427</u> | <u>107.520.385</u> | <u>102.954.995</u> |
| Arður ársins 2022 | | 15.000.000 | |

8. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum.

| 8. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinist þannig: | | | |
|--|----------------------|-----------------------|---------------------------------|
| | Bad mood ehf. | Lige glad ehf. | Þetta reiddast ekki ehf. |
| | 100% eignarhl. | 100% eignarhl. | 25% eignarhl. |
| Bókfært verð í upphafi árs | 95.876.546 | | 125.877.366 |
| Fjárfesting ársins | | 150.000.000 | |
| Hlutdeild ársins | 35.877.866 | 40.653.744 | (75.387.866) |
| Niðurfærsla | | | (10.000.000) |
| Arður | (45.000.000) | | |
| Bókfært verð í árslok | <u>86.754.412</u> | <u>190.653.744</u> | <u>40.489.500</u> |
| Félagið á að auki tvö félög á Cayman eyjum sem greinast þannig: | | | |
| | PS Cayman I | PS Cayman II | Samtals |
| Bókfært verð í upphafi árs | 15.837.621 | 35.877.653 | 273.469.186 |
| Fjárfesting ársins | | | 150.000.000 |
| Hlutdeild ársins | 8.765.432 | (10.338.745) | (429.569) |
| Niðurfærsla | | | (10.000.000) |
| Arður | | | (45.000.000) |
| Bókfært verð í árslok | <u>24.603.053</u> | <u>25.538.908</u> | <u>368.039.617</u> |
| Félögin PS Cayman I (rekið með hagnaði eins og undanfarin ár) og PS Cayman II eru félög sem eiga engar eignir, en hjá félaginu starfa forritarar sem selja þjónustu til annarra félaga í samstæðunni. Engir skattar eru greiddir af afkomu félaganna á Cayman. | | | |

9. Framvirkur samningur.

| 9. Félagið gerði framvirkan samning á árinu, undirliggjandi eign voru hlutabréf í Marel hf., og greinist hann þannig: | |
|---|----------------|
| Samningsverð | 25.000.000 |
| Lokaverð | (23.877.654) |
| Tap ársins | (1.122.346) |
| Staða í árslok | <u>0</u> |

10. Skattaleg fyrningarskýrsla.

| | | |
|---|----------------------|-----------------|
| 10. Skattaleg fyrningarskýrsla, framreiknuð frá fyrra ári, þ.e. ekki hefur verið tekið tillit til kaupa og sölu á árinu: | | |
| | Fasteign | |
| Heildarverð 31.12.2021 | 125.000.000 | |
| Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2021 | (1.250.000) | |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2021 | 123.750.000 | |
| Afskrift ársins | (1.250.000) | |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2021 | 122.500.000 | |
| Afskriftarhlutfall | 1% | |
| | Bifreiðar | |
| | Áhöld og tæki | |
| Heildarverð 31.12.2021 | 33.785.640 | 345.776.810 |
| Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2021 | (18.582.102) | (242.043.767) |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2021 | 15.203.538 | 103.733.043 |
| Afskrift ársins | (1.459.540) | (15.352.490) |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2022 | 13.743.998 | 88.380.553 |
| <p>Á kaupdegi nam lóðarhluti fasteignamats fasteigna 10% af kaupverðinu. Fasteign félagsins er raðhús í Kópavogi og er það nýtt af framkvæmdastjóra félagsins.</p> | | |
| <p>Skattalega fyrningarskýrslan er án eigna sem keyptar voru á árinu, en eldri eignir eru fyrndar hámarksfyrningu samkvæmt skattalögum í fyrningarskýrslunni.</p> | | |
| Skattalegt bókfært verð seldrar bifreiðar nam 1.1.2022 | | 6.841.592 |
| Skattaleg fyrning ársins skv. framreiknaðri fyrningarskýrslu nam | | (656.793) |
| Söluverð bifreiða á árinu | | 8.500.000 |
| Kaupverð áhalda og tækja á árinu | | 120.000.000 |
| Kaupverð bifreiða á árinu | | 15.000.000 |

11. Upplýsingar úr prófjöfnuði / launabókhaldi.

| | |
|--|-------------|
| 11. Fyrir liggja eftirfarandi upplýsingar úr prófjöfnuði / launabókhaldi félagsins: | 2022 |
| Bifreiðahlunnindi samkvæmt launamiðum | 2.500.000 |
| Bókhaldslykill - 7010 - Rekstrarkostnaður, fólksbifreiða (hlunnindi) | 3.175.870 |
| Bókhaldslykill - 5006 - Afskrift fólksbifreiðar (hlunnindi) | 550.000 |
| Bókhaldslykill - 4001 - Áætlaður bónus til starfsmanna v. ársins 2022 | 50.000.000 |
| Bókhaldslykill - 4011 - Gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttar | 81.355.745 |
| Bókhaldslyklar - 3890 til 3899 - Rekstrarkost. fasteignar, framkv.stjóri .. | 3.845.666 |
| Bókhaldslykill 6845 - Vaxtagjöld af láni erlends tengds aðila | 102.998.937 |
| Bókhaldslykill - 5001 - Styrkir til almannaheillafélaga | 103.000.000 |

Verkefni 5 – 45 mín.

Guðlaugur Fransson hefur í áratugi rekið kjötvinnslu í fyrirtækinu „Svera svínið“. Hann hefur keypt kjöt af íslenskum framleiðendum og selt unnar vörur til veitingahúsa og í stórar matvöruverslanir ásamt sölu til annarra stórnotenda á höfuðborgarsvæðinu. Guðlaugur hefur yfirleitt gengið undir nafninu „Gulli grís“ en upp á síðkastið hefur farið að bera á nafngiftinni „Gulli gamli“ þar sem árin eru farin að færast yfir. Það er einmitt ástæðan fyrir því að hann hefur óskað eftir aðstoð og ráðgjöf frá þér. Hann vill fara að draga saman seglin en samt ekki hætta alveg enda engar skuldir á fyrirtækinu.

Hingað til hefur hann einbeitt sér að þremur vöruflokkum sem hafa haldið rekstrinum gangandi öll þessi ár. Frekar en að fækka viðskiptavinum vill hann fækka vöruflokkum (V 1-3) en hann er bara ekki alveg klár á því hvernig hann velur á milli þeirra. Hann vill að sjálfsögðu velja þann, eða þá, sem gefa honum mest í aðra hönd.

Bókarinn hans hefur gefið honum upp eftirfarandi upplýsingar:

V1 er að gefa 100 milljónir kr. í heildartekjur á ári.
V2 er að gefa 200 milljónir kr. í heildartekjur á ári
V3 er að gefa 150 milljónir kr. í heildartekjur á ári

Miðað við þær upplýsingar sem liggja í fjárhagsupplýsingakerfinu er hráefnisverð um 70 milljónir kr. í V1, 70 milljónir kr. einnig í V2 en 30 milljónir kr. í V3. Engar birgðir eru um áramót.

Það vinna 10 manns í fyrirtækinu:

- Gulli sjálfur: 28,8 milljónir kr. í heildarlaun á ári með launatengdum gjöldum.
- Frosti, fjármálastjóri/skrifstofustjóri: 16,8 milljónir kr. í heildarlaun á ári með launatengdum gjöldum.
- 8 starfsmenn í framleiðslu sem hver hefur 900 þúsund kr. á mánuði með launatengdum gjöldum. Þótt Gulli sjálfur flækist iðulega frammi í framleiðslunni er það aðallega til að þrasa og fjasa en hann segist sjálfur vera löngu hættur að gera nokkuð gagn. Vinnutími hvers framleiðslustarfsmanns er 160 tímar pr. mánuð. Samkvæmt mælingum Gulla þá fer 6% af tímum starfsmanna framleiðslunnar í V1, 47% í V2 og einnig 47% í V3.
- Húsnæði er 400 fm. þar af er skrifstofa, eldhús og annar almenningur 100 fm. Leigan er 800.000 kr. á mánuði. Rafmagn og hiti er 80.000 kr. á mánuði.

Afskriftir:

- Vélar í framleiðslu 300.000 kr. á ári.
- Skrifstofutæki 50.000 kr. á ári.

Þrif: 2.400.000 kr. á ári. Þrif vegna framleiðslu eru um 90% af þeim kostnaði en ekki þarf að þrifa framleiðslusalinn þá daga sem ekki er framleitt.

Viðhald í framleiðslu: 500.000 kr. á ári.
Annar rekstrarkostnaður: 4.200.000 kr. á ári.

Úrlausnarefni:

- A. Stilltu upp tekjum og kostnaði miðað við ofangreindar upplýsingar og dragðu fram afkomu einstakra vöruflokka.
- B. Flokkaðu beinan og óbeinan rekstrarkostnað fyrirtækisins.
- C. Flokkaðu fastan og breytilegan kostnað fyrirtækisins.
- D. Hver er framlegð fyrirtækisins?
- E. Hvaða vöruflokkar koma best út fyrir Gulla?
- F. Ef Gulli skyldi nú velja að selja fyrirtækið þá hefur honum sagt að 4x EBITDA sé verðið. Miðað við þær forsendur hvert er þá söluverðið?
- G. Eru einhverjar aðrar verðmatsaðferðir vænlegar? Ef svo er, hvaða aðferð myndir þú mæla með og af hverju?

Sýndu útreikninga og rökstyddu niðurstöður þínar.

Svarið í excel- eða word-svarskjali

Verkefni 6 – 25 mín.

Eiríkur Jónsson hefur í þó nokkurn tíma fylgst með uppgangi ferðaþjónustu á Íslandi og hefur ákveðið að nú sé rétti tíminn til að fara af stað í ferðabransann „svona áður en það fer að gjósa aftur“. Hann hefur því stofnað einkahlutafélagið *Það er ekkert víst að það klikki ehf.*

Það er ekkert víst að það klikki ehf. mun sérhæfa sig í ferðaheildsölu og beina markaðssetningu sinni að Kína. Eiríkur hefur í hyggju að setja saman pakkaferðir og selja þær til kínverskra ferðaskrifstofa. Í pakkaferð munu felast a.m.k. tvær mismunandi tegundir ferðatengdrar þjónustu sem aðrir en *Það er ekkert víst að það klikki ehf.* munu veita ferðamönnum á Íslandi, t.d. ferðaleiðsögn, gistingu, afþreyingu, farþegaflutninga eða bílaleigubíla. *Það er ekkert víst að það klikki ehf.* mun þannig miðla ferðatengdri þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu en mun ekki sjálf veita ferðamönnum þessa þjónustu. Fyrirhuguð þjónusta við erlenda endurseljendur mun felast í samsetningu pakkaferða, auk ráðgjafar og aðgangs að stafrænu kynningarefni. Ekki er gert ráð fyrir því að erlendir endurseljendur séu með heimilisfesti hér á landi eða með fasta starfsstöð.

Úrlausnarefni:

Eiríkur leitar til þín og óskar eftir ráðgjöf vegna virðisaukaskatts:

- A. Ber *Það er ekkert víst að það klikki ehf.*, við sölu til erlendra endurseljenda, að innheimta virðisaukaskatt af söluverði ferðatengdrar þjónustu sem myndar pakkaferð?
- B. Ber *Það er ekkert víst að það klikki ehf.*, við sölu til erlendra endurseljenda, að innheimta virðisaukaskatt af þóknun sinni fyrir samsetningu pakkaferða, ráðgjöf og aðgang að kynningarefni?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 7 – 20 mín.

Einum af viðskiptavinum þínum hefur verið boðið að taka sæti í stjórn hlutafélags. Hann leitar til þín og óskar eftir því að þú útbúir **minnisblað með almennri umfjöllun** um skyldur stjórnarmanna við hluthafafund og skaðabótaskyldu stjórnarmanna samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Úrlausnarefni:

Útbúðu minnisblað um skyldur stjórnarmanna við hluthafafund og skaðabótaskyldu stjórnarmanna samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 8 – 45 mín.

Léttir sprettir ehf.

Aðalstarfsemi Léttra spretta ehf. er verslunarrekstur, en félagið á einnig fasteign sem það notar undir reksturinn.

Eigandi félagsins er kominn á efri ár og vill fara að losa fjármuni til að geta ferðast um heimsins höf.

Nú hefur honum borist tilboð í fasteign félagsins og nemur tilboðið 250.000.000 kr. Hann er nokkuð ánægður með tilboðið og hyggst hann samþykkja það, en áður en að því kom þá hitti hann löglærðan frænda sinn. Sá benti honum á að það væri mun hagstæðara fyrir hann að skipta fasteigninni út úr félaginu og selja síðan útskipta félagið þar sem hann myndi aðeins greiða fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfanna.

Efnahagsreikningur Léttra Spretta ehf. - 30. júní 2023

| | Léttir sprettir ehf. fyrir skiptingu |
|--|---|
| Eignir: | |
| Fasteign | 106.664.955 |
| Aðrir varanlegir rekstrarfjámunir | 15.833.740 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 1.184.946 |
| Vörubirgðir | 55.643.710 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 26.849.816 |
| Handbært fé | 15.062.664 |
| Eignir samtals | 221.239.831 |
| Eigið fé: | |
| Hlutfé | 500.000 |
| Lögbundinn varasjóður | 125.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 84.792.374 |
| Eigið fé samtals | 85.417.374 |
| Skuldir: | |
| Skattskuldbinding | 15.955.101 |
| Skuldir við lánastofnanir | 69.885.185 |
| Viðskiptaskuldir | 12.272.858 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 13.807.304 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 8.619.214 |
| Skuldir við hluthafa | 15.282.795 |
| Skuldir samtals | 135.822.457 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 221.239.831 |

Úrlausnarefni:

Nú leitar eigandinn til þín og óskar eftir:

- A. Að þú útbúir skiptingarefnahagsreikning fyrir Létta spretti ehf., þar sem fasteign félagsins er skipt út.
Í þessu sambandi liggur fyrir að allar langtímaskuldir félagsins eru tryggðar með veði í fasteigninni.
Skattskuldbinding sem tilheyrir fasteigninni nemur 10.000.000 kr.
- B. Að þú reiknir út þá skatta sem félagið þarf að greiða ef hann selur eigninna ásamt þeim sköttum sem hann þarf að greiða ef hann greiðir hagnaðinn út sem arð. - Hvað fær hann síðan greitt til sín vegna þessa?
- C. Að þú reiknir út þann skatt sem hann þarf að greiða ef hann selur hlutabréfin í útskipta félaginu á 250.000.000 kr. - Hvað fær hann síðan greitt til sín vegna þessa?
- D. Að þú ráðleggir honum um hvað hann eigi að gera og hvað þarf að hafa í huga í því sambandi.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel eða word-svarskjali